



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 11. desember 2013 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Álagningarreglur útsvars og fasteignagjalda 2014

Fyrir fundinum lá tillaga að álagningarstuðlum sem sveitarstjórn yfirfór og ræddi. Eftirfarandi var samþykkt:

Útsvar:

Álagningarhlutfall útsvars hækki um 0,004% úr 14,48% í 14,52%. (með fyrirvara um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga) Breytingarnar eru í samræmi við efni viðauka sem gerður hefur verið við samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 23. nóvember 2010 um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall tekjuskatts lækki um samsvarandi hlutfall þannig að ekki verði um heildarhækkun tekjuskatts og útsvars að ræða.

Álagningareglur fasteignagjalda 2014:

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði **0,40%** af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði **1,32%** af álagningastofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) **1,58%** af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði **1,65%** af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði **0,3%** af fasteignamati, lágmark 7.000 kr. og hámark 26.000 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði **0,2%** af fasteignamati lóða og mannvirkja

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði **33.550 kr./íbúð** fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu. .

Sorpeyðingargjald verði **10.560 kr./sumarhús** og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði **3.730 kr./hús** í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði **5.200 kr./ha**.



Lækkun fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega:

1. Fasteignagjöld verða eingöngu lækkuð af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur.
2. Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 36.000,- hjá:
 - a) Einstaklingum með tekjur allt að 20% yfir óskertar lífeyristryggingar.
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 20% yfir óskertar lífeyristryggingar.
3. Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 18.000 hjá:
 - a) Einstaklingum með tekjur allt að 50% yfir óskertar lífeyristryggingar.
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 50% yfir óskertar lífeyristryggingar.

2. Fjárhagsáætlun 2014 (fyrri umræða)

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2014 til fyrri umræðu. Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir helstu forsendum og breytum í áætluninni. Meðfylgjandi áætlun voru ýmis bréf og gögn sem varða áætlunina. Miklar umræður urðu um áætlunina bæði einstaka þætti hennar og niðurstöður hennar í heild. Ákveðið að gera nokkrar breytingar og leggja breytta áætlun fyrir fund til seinni umræðu og afgreiðslu sveitarstjórnar.

3. Þriggja ára áætlun 2015-2017 (fyrri umræða)

Fyrir fundinum lá tillaga að þriggja ára áætlun sveitarfélagsins. Áætlunin er sett fram sem málaflokkayfirlit fyrir hvert ár á tímabilinu og yfirlitum um sjóðstreymi áranna. Áætlunin var rædd en henni síðan vísað til seinni umræðu.

4. Byggðasamlag um menningu og atvinnumál

- a. Fundargerð stjórnar 14. nóvember 2013.
Fundargerðin var til kynningar.
- b. Fundargerð stjórnar 3. desember 2013
Fundargerðin var til kynningar en í henni kemur fram að stjórnin hefur samþykkt fjárhagsáætlun 2014.
- c. Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins 2014
Oddviti sem situr í stjórn byggðasamlagsins gerði grein fyrir fjárhagsáætluninni. Í henni er gert ráð fyrir að heildarframlög sveitarfélaganna muni nema 18.334 þús. Hluttur Skagastrandar í þeim kostnaði er um 5 milljónir eða 27,36%
Áætlunin var til kynningar.



5. Félags- og skólaþjónusta A-Hún.

- a. Fundargerð stjórnar 21. nóvember 2014

Fundargerðin var til kynningar.

- b. Fundargerð stjórnar 28. nóvember 2014

Fundargerðin var til kynningar en í henni kemur fram að stjórn hefur samþykkt fjárhagsáætlun 2014

- c. Fjárhagsáætlun Félags og skólaþjónustunnar 2014

Sveitarstjóri sem situr í stjórn Félags og skólaþjónustunnar gerði grein fyrir fjárhagsáætluninni. Í henni kemur m.a. fram að heildarframlög sveitarfélaganna nemi samtals 70.500 þús. Skipting framlaga milli málaflokka og verkefna er að vegna almennrar félagsþjónustu verði samtals 43.878 þús. til skólaþjónustu 10.847 þús. til dreifnáms 2.775 þús. og til öldrunarmála 13.000 þús. Hluttur Skagastrandar í framlögum er 18,7 milljónir eða 26,5%.

Áætlunin var til kynningar.

6. Tónlistarskóli A-Hún

- a. Fundargerð stjórnar, 24. október 2013

Fundargerðin var til kynningar en þar kemur m.a. fram að stjórn hefur samþykkt fjárhagsáætlun 2014.

- b. Fjárhagsáætlun Tónlistaskólans 2014

Halldór sem situr í stjórn byggðasamlags um tónlistarskólans gerði grein fyrir fjárhagsáætluninni. Í henni kemur m.a. fram að heildarframlög sveitarfélaganna nemi samtals 34 milljónum. Hluttur Skagastrandar í framlögunum er 8,9 milljónir eða 26% Áætlunin var til kynningar.

7. Skólamál

Hildur Ingólfssdóttir, skólastjóri mætti á fundinn og fór yfir skólastarfið og greindi frá helstu niðurstöðum í samræmdum prófum og hver staða skólans er námslega. Mikil umræða varð um málefni skólans en ekki gerðar sérstakar ályktanir vegna málsins.

8. Bréf:

- a. Ungmennafélags Íslands, dags. 15. nóvember 2013

Með bréfinu eru kynntar samþykktir 48. sambandsþings UMFÍ sem haldið var 12.-13. október 2013. Þar var hvatt til að ungmenna og íþróttafélög og sveitarfélög um land allt hvetji iðkendur og foreldra og forráðamenn til að ganga, hjóla eða taka strætó til og frá skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi.

Bréfið var til kynningar.



b. Stéttarfélaginu Samstöðu, dags. 18. nóvember 2013

Bréfið er áskorun til sveitarfélagsins um að hækka ekki gjaldskrár. Í bréfinu er m.a. vísað til þess að samningaviðræður standi yfir milli félaga innan ASÍ og vinnuveitenda þar sem meginkröfur eru að ná fram auknum kaupmætti ráðstöfunartekna og því sé hvatt til stöðugleika í efnahagslífi.

Bréfið var til kynningar en við umræðu um það kom fram að ekki er gert ráð fyrir gjaldskrárhækkunum í fjárhagsáætlun sem var til fyrri umræðu á fundinum.

c. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 18. nóvember 2013

Með bréfinu er tilkynnt um þá ákvörðun ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að úthluta sérstaklega vegna íþyngjandi kostnaðar við snjómokstur á árinu 2012. Framlag til sveitarfélagsins sé vegna þessa 1.323.624 kr.

Bréfið var til kynningar.

d. Lindu B. Ævarsdóttur, dags. 11. nóvember 2013

Með bréfinu bendir Linda á að ástand á hljóðkerfi í Fellsborg sé ekki viðunandi og óskar eftir að úrbætur verði gerðar.

Sveitarstjórn ræddi málið og samþykkti að fela sveitarstjóra og Jóni Ólafi að gera tillögu til úrbóta í samráði við húsverð.

e. Heilbrigðisstofnunar til Velferðarráðuneytisins, dags. 11. nóvember 2013

Með bréfinu fer Valbjörn Steingrímsson forstjóri HSB fram á að hætt verði við að leggja af sjúkrabifreið á Skagaströnd og fallið verði frá fyrirhugaðri fækkun sjúkrabifreiða og svæðið verði tekið inn í það endurmat sem fyrirhugað er á fjölda sjúkrabifreiða almennt á næstunni.

Oddviti greindi frá því að ráðherra hafi samþykkt frestun á ákvörðun um sjúkrabíl á Skagaströnd.

f. Landskerfis bókasafna, dags. 8. nóvember 2013

Bréfið fjallar um samstarfssamning við TEL (The European Library) þar sem gengið er út frá að opnað verði aðgengi að vefsíðu TEL til að vinna bókfræðigögn sem þar eru án sérstakra skilyrða. Með bréfinu er hluthafar í Landskerfi bókasafna, Gegni, jafnframt upplýstir um að íslensk bókfræðigögn verði hluti af umræddum gögnum TEL.

Sveitarstjórn gerði ekki athugasemd við efni eða erindi bréfsins.

g. Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, dags. 23. október 2013

Í bréfinu er rakið að farið hafi verið fram á upplýsingar frá sveitarfélaginu vegna ársreiknings 2012 og samanburð við áætlanir hinn 13. sept. sl. Svar hafi borist 16. sept. sl. Þær upplýsingar hafi nú verið yfirfarnar og ekki sé óskað eftir frekari upplýsingum.



Bréfið var til kynningar.

9. Fundargerðir:

- a. Menningarráðs Norðurlands vestra, 27.11.2013
Fundargerðin var til kynningar.
- b. Skólanefndar FNV, 14.11.2013
Fundargerðin var til kynningar.
- c. Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 2.12.2013
Fundargerðin var til kynningar.
- d. Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 25.10.2013
Fundargerðin var til kynningar.
- e. Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 22.11.2013
Fundargerðin var til kynningar.

10. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12.30

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir

Jensína Lýðsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson